

Alma D. Möller
heilbrigðisráðherra
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. júlí 2026
Mál nr. F9/2026

Nýlega hafa umboðsmanni Alþingis borist kvartanir er lúta að því að meðferð landlæknis á kvörtunum til embættis hans á grundvelli 12. gr. laga nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, hafi dregist úr hömlu. Mislengt er síðan kvartanirnar til landlæknis, sem um ræðir, voru bornar upp en dæmi er um að kvörtun frá árinu 2020 sé enn til meðferðar. Í tilefni hluta þessara kvartana til umboðsmanns hefur upplýsinga frá embætti landlæknis verið óskað. Í svörum embættisins til umboðsmanns hefur meðal annars komið fram að þeir starfsmenn landlæknis, sem hafa það hlutverk með höndum að afgreiða kvartanir, anní ekki þeim fjölda kvartana, sem til meðferðar sé. Jafnframt voru tilteknar aðrar orsakir svo sem áhrif heimsfaraldurs kórónuveiru á afkastagetu embættisins.

Á vefsíðunni island.is er að finna svonefnt mælaborð um kvartanir og athugasemdir vegna heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt mælaborðinu, sem uppfært var 2. júní sl., voru þá enn til meðferðar 18 kvartanir frá árinu 2020, 61 kvörtun frá árinu 2021, 72 kvartanir frá árinu 2022 og 78 kvartanir frá árinu 2023.

Líkt og heilbrigðisráðuneytinu er kunnugt um tók umboðsmaður málsmeðferðartíma kvörtunarmála hjá embætti landlæknis til athugunar að eigin frumkvæði, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, á árinu 2022. Með álit 6. maí 2024 í máli F124/2022 komst umboðsmaður að því að skort hefði á nægilega raunhæfar og markvissar aðgerðir af hálfu heilbrigðisráðuneytisins til lausnar á viðvarandi vanda embættis landlæknis varðandi óhæfilega langan málsmeðferðartíma við afgreiðslu kvartana á grundvelli 12. gr. laga nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu. Beindi umboðsmaður meðal annars þeim tilmælum til ráðuneytisins að gripið yrði án tafar til raunhæfra og markvissra aðgerða í því skyni að fækka þeim málum sem nú þegar bíða afgreiðslu hjá landlækni.

Með bréfi til umboðsmanns 8. maí 2024 var upplýst af hálfu heilbrigðisráðuneytisins að í ljósi tafa á málsmeðferðartíma kvartanamála hjá embætti landlæknis síðustu ár hefði ráðuneytið fylgst reglubundið með stöðu mála. Jafnframt var upplýst um viðbótarfjárheimild ráðuneytisins til embættisins til að sinna kvartanamálum og áætlun um aðgerðir þar að lútandi.

Með vísan til framangreinds hefur umboðsmaður ákveðið að hefja frumkvæðisathugun á nýjan leik og er þess óskað, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að

ráðuneytið geri grein fyrir því hverjar þær aðgerðir, sem vísað var til í fyrrgreindu bréfi þess til umboðsmanns, voru og hvort og, ef svo er, hvernig þær hafa stuðlað að umbótum við meðferð kvartanamála hjá embætti landlæknis. Þá er þess óskað að ráðuneytið lýsi afstöðu sinni til þess í hvaða horfi málshraði við meðferð kvörtunarmála er hjá embætti landlæknis í dag að teknu tilliti til framanlýstrar tölfraði um afgreiðslu mála. Er þess í því samhengi jafnframt óskað að upplýst verði hvort staða mála að þessu leyti hjá embættinu hafi orðið ráðuneytinu tilefni til frekari aðgerða og, ef svo er, hverra.

Þess er óskað að svör berist umboðsmanni eigi síðar en 11. ágúst nk. Tekið skal fram að embætti landlæknis er sent afrit af bréfi þessu til upplýsingar.

Virðingarfyllst,

f.h. umboðsmanns Alþingis


Þorsteinn Davíð Stefánsson